

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Selfoss, 4.11.2024
UST202402-124/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 7. ágúst 2024 - Fjarðabyggð, urðunarstaður að Pernunesi, ID nr. 14

Þann 7. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar við Pernunes. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Opin eru tvö eldri frávík, varða þau að urðað var umfram heimild starfsleyfis árið 2023 og ófullnægjandi skilum á skráningum úr innra eftirliti rekstraraðila.

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Við eftirlit ber rekstraraðila að hafa reiðubúin öll viðeigandi gögn starfsleyfis sem eftirlitsaðili kann að athuga við eftirlit, hér um ræðir viðbragðsáætlun og upplýsingar vegna trygginga út frá starfsemi urðunarstaðar.
2. Við skil á upplýsingum ársyfirlits, þurfa að vera skýrar merkingar á því fyrir hvað mælingar standa og hvaða þætti verið er að mæla. Gott væri að brunnar væru hnitmerktir eða staðsettir á yfirlitsmynd og að hver sýnataka vitni í viðeigandi staðsetningu á sýnatöku. Merkja skal staðsetningu sigmælinga eftir því sem við á. Við skil á árlegum skráningum þurfa allar upplýsingar að liggja fyrir í ársyfirliti sbr. 4.1. í starfsleyfi og skiladagar virtir.
3. Lögð er fram ábending er varðar ábyrgð rekstraraðila fyrir skilum á niðurstöðum skráninga ársyfirlits skv. starfsleyfi. Ef þriðji aðili sér um söfnun ákveðinna upplýsinga, ber rekstraraðili endanlega ábyrgð á að þeim hafi verið skilað til eftirlitsaðila.
4. Ábending er lögð fram vegna stærðar á seyrupytt inn á urðunarstað.

Sex frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Í starfsleyfi er heimild til urðunar úrgangs 3.000 t á ári. Samkvæmt skráningum rekstraraðila í gagnagátt Umhverfisstofnunar vegna ársins 2023, voru urðuð 3.217 t af úrgangi og er það 7,23% umfram það magn sem heimilt er. **Þar sem fullnaðaráhrif úrbóta sem rekstraraðili hefur**

lagt fram og vinnur eftir vegna eldra fráviks þar sem urðað var umfram heimildir og áhrif þeirra eru ekki komin fram til fullnustu verður staðan tekin út við árslok 2024, út frá þeim upplýsingum í ársyfirliti sem skilað er þann 1. maí 2025 (sjá nánari umfjöllun í skýrslu eftirlits).

2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda frá starfsemi urðunarstaðar og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Rekstraraðili gat ekki lagt fram viðbragðsáætlun við eftirlit. **Þann 18. október skilar rekstraraðili inn greinagerð um áhættumat vegna urðunarstaðar ásamt áætlun um viðbrögð við bráðamengun. Frávik telst lokið.**
3. Gr. 2.8 í starfsleyfi: Ekki lá fyrir við eftirlit staðfesting á ábyrgðartryggingu í gildi vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. 16. Gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. **Rekstraraðili skilar eftirlitsaðila afriti af ábyrgðartryggingu í gildi vegna ábyrgðartryggingar þann 18. október sl.. Frávik telst lokið.**
4. Gr. 4.1 í starfsleyfi: Skráningum vegna innra eftirlits er ábótavant. Vantar inn skráningar vegna innra eftirlits, þ.e. töluliði 2.-5. Og 7.-13. Gera skal grein fyrir öllum atriðum í árlegri skýrslugjöf, og ef atriði koma ekki fram þar, má gera grein fyrir því hvar þær upplýsingar koma fram ef einhverjum upplýsingum er skilað aðskildu ársyfirliti. **Þann 18. október skilar rekstraraðili ársyfirliti vegna ársins 2023. Það sem útaf stendur í skilum í ársyfirliti varða skráningu á stöðu urðunarstaðar og sigmælingum. Síðast fór fram mat á rýmd urðunarstaðar árið 2009 og mikil óvissa um hvernig staðan stendur nú. Rekstraraðili hefur óskað eftir aðkomu frá verkfræðistofu til að leggja fram nýtt mat á stöðu urðunarstaðarins. Ef forsendur eru teknar út frá núverandi mati, er áætlað að það rými sem eftir er til urðunar dugi í um þrjú ár. Sigmælingar hafa ekki farið fram með kerfisbundnum hætti, þó sé búið að koma fyrir mæliplötum á staðinn.**
5. Gr. 4.2 í starfsleyfi: Aðstaða er ekki fyrir hendi til að framkvæma rennismælingar á sigvatni og ekki hefur verið staðið að mælingum vegna hæða grunnvatnsborðs. **Kemur fram í ársyfirlit rekstraraðila, sem skilað var þann 18. október að viðgerð og endurnýjun standi yfir á brunni og lögnum haustið 2024.**
6. Gr. 4.4. í starfsleyfi: Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var ekki skilað innan tilskilins tímafrests. Á skilafrestur einnig við um úrgangsskráningar sbr. gr. 3.2 auk upplýsinga vegna skráninga sbr. 4.5 í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. nóvember 2024.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur